

Nýtt heiti ráðuneytis og ný verkefni

Í samræmi við lög nr. 98/2009 breytist heiti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í dag, 1. október 2009, í **dómsmála- og mannréttindaráðuneytið** og aukin áhersla verður lögð á verkefni á sviði lýð- og mannréttinda. Einnig koma til framkvæmda nokkrar breytingar á verkefnum ráðuneytisins er það tekur við forræði yfir sveitarstjórnarkosningum, fasteignamati og skráningu auk þess sem neytendamál færast til ráðuneytisins. Þá mun dómsmála- og mannréttindaráðuneytið framvegis hafa yfirumsjón með málefnum er varða mansal. Umsjón laga um prentarétt flyst hins vegar frá ráðuneytinu til mennta- og menningarmálaráðuneytis en kirkjumál verða áfram á forræði ráðuneytisins þó að heiti þess breytist.

Kosningar

Við þá breytingu að forræði sveitarstjórnarkosninga flyst frá samgönguráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis mun ráðuneytið annast framkvæmd allra kosninga hér á landi. Ráðuneytið hefur alla tíð séð um framkvæmd alþingiskosninga og forsetakjörs. Þá hefur ráðuneytið ávallt annast framkvæmd þess hluta sveitarstjórnarkosninga sem lýtur að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, ásamt utanríkisráðuneytinu.

Þykir nú fara best á því að eitt og sama ráðuneyti annast framkvæmd alþingiskosninga, forsetakjörs og almennra sveitarstjórnarkosninga, sem og sameiningarkosninga sveitarfélaga og framkvæmd annarra almennra kosninga, þ.m.t. þjóðaratkvæðagreiðslu. Vefurinn www.kosning.is, sem er í umsjón ráðuneytisins, mun framvegis verða upplýsingavefur allra kosninga hér á landi en ekki eingöngu alþingiskosninga.

Fasteignaskrá

Með þeirri lagabreytingu að færa forræði yfir skráningu og mati fasteigna frá fjármálaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins heyrir nú tvær grunnskrár landsins undir sama ráðuneytið því þjóðskráin var flutt til ráðuneytisins fyrir rúmum þremur árum. Þjóðskrá, www.thjodskra.is, annast almannaskráningu og útgáfu ýmissa vottorða og skilríkja því viðkomandi og Fast-eignaskrá Íslands, www.fasteignaskra.is, fer með skráningu og mat allra fasteigna í landinu. Með því að hafa þessar grunnskrár í einu ráðuneyti er ætlunin að stuðla að aukinni samvinnu og samræmingu í skrávinnslu ríkisins sem gefur jafnframt aukna möguleika á rekstrarhagræði með ýmiss konar samrekstri og samvinnu við rekstur upplýsingakerfa.



Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið við Skuggasund.

Ráðuneytið hefur um nokkurra ára skeið átt samvinnu við Fasteignaskrá sem hefur leitt til þess að skráin sér nú um rekstur þinglýsingakerfis sýslumannsembættta. Nú er horft til þess að ýmis sameiginleg rekstrarmál þjóðskrár og Fasteignaskrár, svo sem öryggismál, rekstur gagnagrunna og margvísleg hugbúnaðarþróun, geti leitt til rekstrarhagræðis og lækkunar útgjalda hjá ráðuneytinu.

Neytendamál

Forræði yfir neytendamálum færast frá viðskiptaráðuneyti yfir til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Er þar um að ræða ýmis lög er varða verkefni á vegum Neytendastofu, www.neytendastofa.is, og talsmanns neytenda, www.tn.is. Lög um neytendalán munu hins vegar áfram heyrir undir viðskiptaráðuneytið (frá 1. október efnahags- og viðskiptaráðuneytið), sem og lög um rafrænar undirskriftir og rafræn viðskipti.

Mansal

Yfirumsjón málefna er varða mansal verður nú hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti í stað félags- og tryggingamálaráðuneytis áður. Aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali, sem ríkisstjórnin samþykkti í mars síðastliðnum, er ætlað að efla baráttuna gegn mansali á Íslandi með ýmsu móti. Í henni er miðað að því að fullgilda alþjóðlega samninga um alþjóðlega glæpastarfsemi og mansal sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað. Ráðuneytið bindur vonir við að Ísland geti fullgilt Palermó-bókunina við samning Sameinuðu þjóðanna og samning Evrópuráðsins frá árinu 2005 um aðgerðir gegn mansali í byrjun næsta árs og að nauðsynlegar lagabreytingar til þess verði samþykktar á haustþingi.

Unnið að frumvarpi til lögleiðingar Barnasáttmála Sp

Dómsmálaráðuneytið hefur falið Þórhildi Líndal, lögfræðingi og fyrrverandi umboðsmanni barna, að vinna frumvarp til lögleiðingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálsins, í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 16. mars sl. Ráðuneytið hefur tilkynnt ýmsum hagsmunaaðilum um þetta verkefni og bent þeim á að unnt sé að koma ábendingum og sjónarmiðum til Þórhildar í tengslum við frumvarpsvinnuna. Slíkar ábendingar skal senda til Þórhildar á netfangið thindal@simnet.is.



Á vefsíðunni barnasattmali.is, sem umboðsmaður barna, Barnaheill og UNICEF á Íslandi standa að, má m.a. finna kynningu á efni Barnasáttmálsins og gildi hans.

Alþjóðleg ráðstefna um ábyrgð á Internetinu

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands mun í samvinnu við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið halda alþjóðlega ráðstefnu 19. nóvember næstkomandi undir heitinu *Ábyrgð á Internetinu*. Fyrirlesarar verða bæði innlendir og erlendir og komið verður inn á ýmsa þætti er varða netglæpi, lögsögu og varnarþing. Meðal annars verður rætt um barnaklám, kynþáttahatur, hvar aðilar verði dregnir til ábyrgðar og skyldu ríkja til að vernda friðhelgi einkalífs.

Unnið er að skipulagi ráðstefnunnar og Mannréttindastofnunin auglýsir dagskrá síðar ásamt upplýsingum um skráningu. Ráðstefnan verður haldin í Háskóla Íslands og verður hún öllum opin og aðgangur ókeypis. Norræna ráðherranefndin veitir styrk vegna ráðstefnunnar í tilefni af formennsku Íslands árið 2009.

